

Hafnir Ísafjarðarbæjar
Guðmundur M. Kristjánsson

Hafnarhúsinu
400 Ísafjörður



Reykjavík, 30. október 2017
Tilvísun: 2016020018
SAG/
Tilv. ykkar:

Efni: Ísafjörður – Stuðpúði við Mávagarð

Í byrjun árs voru opnuð tilboð í Stuðpúða við Mávagarð. Tvö tilboð bárust annars vegar frá Geirnaglanum sem hljóðaði upp á um 70 m.kr. og frá Ísar ehf. sem bauð 46,8 m.kr.

Lægstbjóðandi lýsti því yfir á undirbúningsfundi að hann væri ekki reiðubúinn að standa við tilboð sitt og gagnrýndi hönnunina fyrir að vera erfiða í framkvæmd. Í framhaldinu þá lagði lægstbjóðandi til ákveðnar breytingar á hönnunina sem myndi þá auðvelda verkframkvæmdina, að hans mati. Breytingin fólst í því að í stað þess að reka niður kassa 10x4m úr stálþili og stífa þann kassa í land með stálstaurum sem myndu festast í efnismikinn landvegg væru rekið niður hefðbundið stálþil upp í land sem væri stagað saman með steiptum kantbita og þekju. Þetta væri þá þil með 10 metra framhlið og með um 15 metra löngum göflum. Vegagerðin grófhannaði þetta og gerði magntöluskrá í framhaldinu. Í þeirri hönnun var miðað við að nýta efnið sem hafði verið keypt og aðeins bætt við stagi sem höfnin á. Þetta felur í sér vinnu við skera þil niður í stærðir og að setja stagfestingar saman. Gert var ráð fyrir að sleppa stagbita. Farið var yfir með Ísar hvernig verkið yrði unnið og í framhaldinu gaf verktaki nýja tölu verkið sem hljóðar upp á 39.089.400 kr. Þetta er þó með þeim fyrirvara að magntölur eru áætlaðar og ekki verði breytingar á þeim við endurhönnun á stuðpúðanum. Ef ákveðið verður að fallast á þetta þarf að endurhanna mannvirkið og teikna upp á nýtt miðað við framangreindar breytingar. Lauslega er áætlaður að heildarkostnaður við framkvæmdina verði með þessum breytingum um 63 m.kr. með virðisaukaskatti.

Virðingarfyllst,

Sigurður Áss Grétarsson
f.h. Vegagerðarinnar